

Ráðuneyti umhverfis, loftslags og orkumála
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 8. febrúar 2022

Umsögn Landverndar um áform um niðurfellingu laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og breytingu á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, mál 22/2022

Landvernd styður heilshugar ofangreind áform og telur þau nauðsynleg til þess að staðfesta yfirlýstan vilja Íslands í verki til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Engu er fórnað með því að banna olíuleit- og vinnslu þar sem ekki fer fram virk leit að olíu í lögsögu Íslands. Það er tímabært og mikilvægt að taka af skarið og innleiða bannið með lagasetningu strax.

Áformin eru að mati Landverndar í samræmi við orkustefnu fyrir Ísland þar sem m.a. er gert ráð fyrir því að Ísland verði jarðefnaeldsneytislaut árið 2050, við stjórnarsáttmálann þar sem Ísland skal verða jarðefnaeldsneytislaut fyrir 2040 og við Parísarsáttmálann sem Ísland hefur undirritað. Landvernd vill nota tækifærið og hrósa ríkisstjórninni fyrir metnaðarfull markmið í loftslagsmálum. Áform þau sem hér er lýst eru góð og ódýr leið til að hefja þessa mikilvægu vegferð.

Í framhaldinu væri afbragðsskref fyrir íslenska ríkið að gerast aðili að bandalagi þjóða sem hafa skuldbundið sig til þess að leyfa ekki nýja olíu- og gasvinnslu (Beyond Oil and Gas Alliance¹) og skipa sér þar með í fremstu röð þjóða sem sýna í verki vilja til að hefta loftslagsvána.

Landvernd notar tækifærið til að benda á leiða villu við samþykkt laga 13/2001. Kolvetni eru langar sykurkeðjur og trefjar (*e. carbohydrates*) en jarðefnaeldsneyti eru fitusækin efni sem má kalla vetniskolefni (*e. hydrocarbons*). Mikilvægt er að þegar lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins verður breytt, verði gætt að hugtakanotkun og framgreint leiðrétt.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ [Beyond Oil & Gas Alliance \(beyondoilandgasalliance.com\)](https://beyondoilandgasalliance.com)